

## Nefndarálit

um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Þingsályktunartillagan var fyrst lögð fram á 138. löggjafarþingi og lauk iðnaðarnefnd afgreiðslu málsins en það hlaut ekki lokaafgreiðslu Alþingis og er tillagan nú endurflutt óbreytt en nefndin byggir einnig á þeirri vinnu sem fór fram á 138. löggjafarþingi.

Nefndin fékk á fund sinn Kristján Skarphéðinsson, Ingva Má Pálsson og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu og Héðin Unnsteinsson frá forsætisráðuneytinu.

Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, ÁTAKI – Áhugasamtökum um tæknimiðstöð fyrir almenning, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Hagstofu Íslands, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélagi Austurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Valdimar Össurarsyni, Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands. Að auki bárust 29 umsagnir vegna málsins á síðasta löggjafarþingi 521. máli 138. löggjafarþings sem nefndin kynnti sér.

### Markmið.

Með tillögunni er lagt til að unnið verði að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2010–2013 þannig að hún verði hluti af heildstæðri sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Með aðgerðunum er leitast við að lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætluninni eru skilgreind sjö lykilsvið og undir hverju þeirra eru tillögur um aðgerðir og eftirfylgni. Einnig fylgir áætluninni greinargerð Byggðastofnunar um ástand og horfur í byggðapróun. Með aðgerðunum er leitast við að ná samhljómi með annarri áætlanagerð og aðgerðum stjórnvalda. Lykilsviðin átta eru sett fram í tillögunni sjálfri en nánar útfærð í athugasemdum. Þar er jafnframt greint frá meginhugmynd að baki hverri aðgerð, ábyrgðaraðilum, öðrum hugsanlegum þátttakendum og tímasetningu aðgerðanna. Meginmarkmið tillögunnar er að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

### Staða einstakra verkefna.

Nefndin vill árétta að þrátt fyrir að byggðaáætlun fyrir árin 2010–2013 sé ekki samþykkt fyrr en núna, er vinna við fjölmarga þætti hennar hafin og nokkrum verkefnum hennar lokið. Nefndinni þykir því rétt að fara stuttlega yfir stöðu einstakra verkefna undir hverju lykilsviði.

Á sviði *Atvinnustefnu* er vinna við verkefnið *Samkeppnishæfni og klasar* hafin en Nýsköpunarmiðstöð hefur undanfarið unnið markvisst að þessum þáttum, m.a. við greiningu á sam-

keppnishæfni íslenskra fyrirtækja á sviði nýsköpunar og þróunar í tengslum við vinnu vegna Sóknaráætlunar 20/20 og áætlað er að vinna sambærilega greiningu innan árs. Vinna við verkefnið *Heildstæð orkunýtingarstefna* er hafin en stýrihópur, sem iðnaðarráðherra svipaði síðla árs 2009 til að vinna heildstæða orkustefnu fyrir Íslands, birti í janúar 2011 drög að orkustefnu. Stýrihópurinn mun á næstu vikum vinna af því að fara yfir þær umsagnir sem borist hafa og í kjölfarið leggja lokaskýrslu fyrir iðnaðarráðherra. Vinna við iðn- og orkugarða er hafin en Nýsköpunarmiðstöð hefur átt fundi með ýmsum aðilum um útfærslu hugmynda um vinnslu eldsneytis úr innfluttu hráefni með kolefnisinnihaldi. Áætlað er að halda ítarlegan vinnufund á Reykjanesi fyrir lok apríl næstkomandi. Vinna við verkefnið *Efling líftækni* er hafin gert er ráð fyrir því að endanleg framkvæmdaáætlun muni liggja fyrir í lok apríl.

Á sviði *Samþættingu áætlana og aukins samstarfs* þá er vinna við samþættingu opinberra áætlana hafin undir formerkjum Sóknaráætlunar 20/20. Fjölbjóðlegu samstarfi er sinnt með sambærilegum hætti og undanfarin ár. Vinna við verkefnið *Tölfræðileg gögn um byggðaþróun* er hafin og á starfshópur að skila tillögum fyrir árið 2013. Á sviði *Eflingar stoðkerfis atvinnulífsins* er vinna við skilvirkara stoðkerfi hafin en iðnaðarráðuneytið hefur hafið vinnu við endurskoðun á þeim hluta stoðkerfis atvinnulífsins sem heyrir undir ráðuneytið. Hvað varðar *Þróun og styrkingu vaxtarsamninga* eru í gildi samningar fyrir Austurland, Suðurland og Vestmannaeyjar, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði. Gildistími vaxtarsamninga fyrir Norðurland vestra, Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland eystra runnu úr um síðustu áramót. Bygðastofnun vinnur að mati á árangri þeirra og verða samningarnir endurnýjaðir fljótlega.

Á sviði *Nýsköpunar og sprotafyrirtækja* er verkefnið að hluta til komið til framkvæmda en með lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, var komið á fót skattviltanakerfi fyrir fyrirtæki sem stunda nýsköpun og rannsóknir. Á vegum fjármálaráðuneytisins er unnið að því að kanna hvaða möguleikar eru á því að semja ívilnanakerfi fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Árangursmat við verkefnið *Impra hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands* hefur verið framkvæmt reglulega og liggur fyrir. Vinna við verkefnið *Nýsköpunarsjóður framhaldsskólanema* er hafin með verkefninu „nýsköpunarmennt og atvinnulíf í grenndarsamfélagi“. Vinna við *Heildstæða áætlun um aukna aðild innlendra visthæfra orkugjafa í samgöngum* er hafin en Græna orkan er heiti á klasasamstarfi um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa í samgöngum á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis. Vinna við Alþjóðlegt verkefni um nýtingu koltvísýrings frá stóriðju og jarðvarma-verum er hafin og í undirbúningi er alþjóðlegur vinnufundur hér á landi í maí næstkomandi. Vinna við verkefnið *Vistvæn orkuöflun til húshitunar og niðurgreiðslur húshitunar* er hafin en Nýsköpunarmiðstöð stofnaði Landvarma, samstarfsverkefni um þróun hitaveitu á „köldum svæðum“. Verkefnið *Rammalöggjöf um ívilnanir* er að fullu komið til framkvæmda en í júlí 2010 gengu í gildi lög nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Varðandi kynningu á tækifærum fyrir erlendar fjárfestingar þá skipaði iðnaðarráðherra í október 2010 starfshóp úr atvinnulífinu til að móta tillögur varðandi stefnu stjórnvalda í erlendum fjárfestingum og áætlað er að hópurinn skili skýrslu með tillögum nú í vor.

Á sviði ferðaþjónustu er verkefnið *Nýsköpun og vöruþróun í ferðaþjónustu*, tengd heilsu, lífstíl, ráðstefnum og menningu vel á veg komið en iðnaðarráðherra hefur nýlega lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun 2011–2020. Vinna við verkefnið *Undirbúningur landnýtingaráætlunar fyrir ferðaþjónustu á hálendinu* er hafin en iðnaðarráðuneytið gerði í júlí 2010 samning við ferðamáladeild Háskóla Íslands um verkefnið. Vinnsla við verkefnið *Þróun gæða- og umhverfisviðmiða fyrir íslenska ferðaþjónustu* er hafið og stefnt er að því að aðlaga og staðfæra nýsjálenskt gæðakerfi haustið 2011. Hvað varðar verk-

efnið *Fjölgun veigamikilla ferðamannastaða* þá liggja fyrir Alþingi tvö frumvörp sem varða verndun og fjölgun ferðamannastaða, þ.e. frumvarp til laga um farþega- og gistináttagjald og frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Á sviði *Félagsauðs* hafa komið hugmyndir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um samstarfsverkefni á sunnanverðum Vestfjörðum og á Snæfellsnesi, en enn hefur ekki verið unnt að ráðast í þessi verkefni vegna fjárskorts. Verkefnið *Mening, skapandi greinar og listnám*, verður til skoðunar við vinnu um samræmingu áætlana sem er að fara af stað undir verkefninu Ísland 2020.

Framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar er ætlað að vera hluti af Sóknaráætlun 20/20 en 7. janúar sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögur stýrihóps Sóknaráætlunar undir heitinu Ísland 2020. Í áætluninni felast 20 mælanleg markmið um samfélagslega þróun og tillögur að aðgerðum til þess að vinna að þeim. Einn tilgangur sóknaráætlunar er að samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Með þessu á að stuðla að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnisýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Lögbundnar áætlanir sem skal samþætta eru samgönguáætlun, sbr. lög nr. 33/2008, um samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, áætlanir í ferðamálum, sbr. þingsályktun um ferðamál, sem Alþingi samþykkti 3. maí 2005, og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 2. gr. laga nr. 87/2003, um Orkustofnun, og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sbr. 11. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Alþingi hefur fengið allar þessar áætlanir til meðferðar og afgreiðslu á undanförunum árum.

Nokkrir umsagnaraðilar gagnrýndu tímasetningu byggðaáætlunar sökum þess að þegar þingsályktunin var lögð fram var verið að leggja lokahönd á tillögur um samþætta sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta og voru þær samþykktar 7. janúar sl. og fela í sér forgangsröðun og tillögugerð fyrir hvern landshluta. Einstaka umsagnaraðilar töldu þar af leiðandi byggðaáætlun óþarfa þar sem Sóknaráætlun 2020 væri ætlað að leysa hana af hólmi. Einnig var bent á að Sóknaráætlun 20/20 væri hin eiginlega byggðaáætlun og því bæri að fresta afgreiðslu þingsályktunartillögunnar þar til Sóknaráætlun 2020 yrði samþykkt, en þá yrðu þær afgreiddar samhliða. Jafnframt komu fram sjónarmið um að mikilvægt væri að fá skýrt fram hvaða áætlun yrði stefnumarkandi og hvernig markmiðum yrði hrint í framkvæmd. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að byggðaáætlun er ætlað að vera innlegg í Sóknaráætlun 2020. Ályktunin felur í sér fjölmargar aðgerðir sem lagt er til að verði hluti af hinni heildstæðu sóknaráætlun fyrir alla landshluta. Eitt meginverkefni Sóknaráætlunar 2020 er að samþætta opinberar áætlanir sem samþykktar hafa verið á Alþingi á undanförunum árum og því er afgreiðsla byggðaáætlunar nú í fullu samræmi við það verklag sem fylgt er við samþættingu áætlana.

### **Lagaáskilnaður.**

Meiri hlutinn vill áréttta að á Alþingi hvílir lagaskylda um að afgreiða byggðaáætlun, sbr. 7. gr. laga nr. 106/1999, um Bygðastofnun, en þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Einnig telur meiri hlutinn mikilvægt að byggðaáætlun fái framgang nú svo hægt verði að halda áfram að hrinda einstökum þáttum hennar og aðgerðum í framkvæmd. Frestun á afgreiðslu byggðaáætlunar mundi skaða framkvæmd einstakra aðgerða hennar, m.a. vaxtar-samningana sem eru veigamesti málaflokkur byggðaáætlunar, en tveimur þriðju fjárveitinga hennar er verið til vaxtarsamninga.

### **Landshlutasamtök sveitarfélaga.**

Fram kom gagnrýni hjá nokkrum umsagnaraðilum á þá aðferðafræði sem notuð er við mótun byggðaáætlunar. Víða í umsögnum er einnig bent á að draga þurfi fram vaxandi mikilvægi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Jafnframt kemur fram að í nokkrum tilfellum séu sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög spyrnt saman sem þátttakendur en eðlilegra væri að hvor aðili um sig væri skilgreindur sem sjálfstæður þátttakandi, þar sem um aðskilda aðila er að ræða. Meiri hlutinn tekur undir þessa gagnrýni og bendir jafnframt á að í tillögnum sé of mikil áhersla á miðstýringarvald hins opinbera á kostnað frumkvæðis, ábyrgðar og eftirfylgni heimamanna í einstökum landshlutum. Meiri hlutinn fagnar því að staðinn verði vörður um starfsemi atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni en þau hafa mikla staðþekkingu og eru eitt öflugasta tæki heimamanna í héraði til að hreyfa við málefnum sinna svæða. Það er niðurstaða meiri hlutans að mikilvægt sé að auka aðkomu, ábyrgð og hlutverk heimamanna og ekki síst landshlutasamtaka við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar. Nefndin kynnti sér skýrslu sem starfshópur á vegum samgönguráðherra skilaði árið 2009, en hann hafði það hlutverk að fara yfir starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga og koma með tillögur að framtíðarskipulagi svæðisbundinnar samvinnu. Fram kemur í skýrslunni að það sé einróma álit starfshópsins að þörf sé á því að efla byggðapróun í landinu og samþætta opinberar áætlanir og stefnur. Þessir þættir séu mikilvægir til að ná tilætluðum árangri, auka skilvirkni, nýta betur fjármuni og fyrirbyggja óþarfa ágreining. Starfshópurinn er sammála því að landshlutasamtök sveitarfélaga séu vel til þess fallin að taka að sér það samþættingarhlutverk, hvert á sínu svæði. Meiri hlutinn tekur heils hugar undir þetta álit starfshópsins.

### **Vegaframkvæmdir.**

Meiri hlutinn fagnar miklum áföngum og sigrum í vegaframkvæmdum undanfarin ár þar sem mikið hefur áunnist og leggur áherslu á áframhaldandi vegaframkvæmdir þar sem vegasamband er ófullkomið og erfitt, t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum og á leiðinni til Norðfjarðar og til Seyðisfjarðar. Aðrar mikilvægar framkvæmdir er rétt að benda á eins og nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót og að klára Suðurstrandarveg. Meiri hlutinn leggur líka áherslu á mikilvægar framkvæmdir á minna förnum vegum vítt og breitt um landið þar sem meiri hlutinn telur að höfuðáherslu eigi að leggja á lagningu bundins slitlags. Einnig var nokkur umræða í nefndinni um almenningsamgöngur en þær eru nátengdar þeirri umræðu sem hefur verið um byggðamál og framkvæmdir í vegamálum. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að efling byggðakjarna og stækkun þjónustu- og atvinnusvæða kallar á að almenningsamgöngur verði endurskipulagðar og stórefldar enda eru þær þáttur í búsetu í byggðum landsins.

Nefndin ræddi einnig hagkvæmni strandflutninga á Íslandi, kosti þeirra og galla. Það er mat meiri hlutans að fara verði gaumgæfilega yfir þessi mál heildstætt og nauðsynlegt sé að meta alla óvissuþætti í þessu sambandi.

### **Fjarskiptasjóður.**

Meiri hlutinn fagnar líka framkvæmdum Fjarskiptasjóðs undanfarin ár þar sem tekist hefur að koma háhraðatengingum til nær allra staða sem nutu þeirra ekki á markaðslegum forsendum. Átak stjórnvalda í þessum efnum með stofnun Fjarskiptasjóðs skipti sköpum og er gott dæmi um mikið og þarft verk sem unnið var í framhaldi af fjárveitingum til þess. Íslendingar eru nú meðal fremstu þjóða hvað þessa þætti varðar. Átakið hefur stórbætt búsetuskilyrði í hinum dreifðu byggðum landsins. Rafræn upplýsingatækni er framtíðin og hana ber að

efla sem mest því hún er án nokkurra hindrana og landamæra. Hún nýttist landsbyggðarfólki einna mest og færir stjórnsýslustofnanir nær neytendum.

### **Stoðkerfi þjóðfélagsins.**

Umræða var í nefndinni um alla þá endurskipulagningu sem þarf að gera á ýmsum stoðkerfum þjóðfélagsins eftir efnahagshrunið mikla árið 2008, svo sem í bankakerfinu. Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að gætt verði að mikilvægu hlutverki banka og opinberrar þjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins við endurskipulagningu og bendir m.a. á að huga að samrekstri slíkrar þjónustu sem lið í að viðhalda starfsemi á landsbyggðinni. Þetta á við um t.d. bankastofnanir, pósthús, heilbrigðisstofnanir, sýslumenn, lögregluembætti og menntastofnanir.

### **Menntun, fræðastarf og rannsóknir.**

Meiri hlutinn tekur undir þá ábendingu umsagnaraðila að mikilvægi menntunar og fræðastarfs, rannsókna og þróunar á vettvangi þekkingarsetra í landshlutunum sé ótvírætt fyrir eflingu byggða og markvissa stefnumótun í þeirra þágu. Sé litið til langtímaþróunar þá munu þessar áherslur skila hvað mestum árangri í nýsköpun, eflingu samfélaga og jöfnun búsetu. Á hinn bóginn komu einnig fram athugasemdir um að stjórnsvið byggðaáætlunar hefði þrengst frá því að iðnaðarráðuneytið tók við stjórnsýslu málaflokksins og það hafi m.a. leitt til þess að byggðaáætlunin taki fyrst og fremst mið af málaflokkum ráðuneytisins. Meiri hlutinn vill benda á að hafa verður hugfast við gerð áætlana að kröfur samtímans kalla á sífellt nánara samstarf þvert á ráðuneyti og mikilvæg forsenda skilvirkrar stjórnsýslu er að áætlanir sem eiga upptök sín í mismunandi ráðuneytum séu samþættar og framkvæmd þeirra samræmd.

### **Byggðastefna til framtíðar.**

Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að mikilvægt sé að stilla saman strengi landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þegar mótuð er byggðastefna til framtíðar, ekki síst í ljósi gjörbreyttrar stöðu höfuðborgarsvæðisins í kjölfar efnahagshrunsins, þar var þenslan mest og samdrátturinn því mest áberandi. Meiri hlutinn telur að forsenda árangursríkrar byggðastefnu sé náð samstarf höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar og telur að sú aðferðafræði sem lögð er til grundvallar í undirbúningi Sóknaráætlunar 2020 og byggist á víðtæku samráði við heimamenn í héraði um stefnumótun sé til eftirbreytni og líkleg til að skila verkfæri sem nýtt verður á markvissan hátt. Mikilvægustu atvinnugreinar á landsbyggðinni eru sjávarútvegur og landbúnaður sem hafa mátt búa við samdrátt undanfarin ár. Aldrei verður nógu oft ítrekað og áhersla lögð á mikilvægi þessara atvinnugreina og vöxt og viðgang þeirra. Því vill meiri hlutinn leggja áherslu á að endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins verði hraðað sem mest og þeirri óvissu sem er um framtíðarkerfi sjávarútvegs eytt sem fyrst. Meiri hlutinn minnir á nær samdóma niðurstöðu endurskoðunarnefndar og telur hana góðan leiðarvísi að lausn þessa áratugadeiluefnis meðal landsmanna. Nú er einstakt tækifæri til að ná sátt um framtíðarkerfi fiskveiða sem nauðsynlegt er að nota til að skapa sem mesta sátt til framtíðar. Minnt er á mikilvægi AVS-sjóðsins til atvinnusköpunar í sjávarútvegi og aukins virðis sjávarfangs og telur meiri hlutinn að hann eigi að efla til frekari nýsköpunar, aukinna útflutningstekna með frekari fullvinnslu og nýjum atvinnugreinum. Meiri hlutinn leggur áherslu á aukið mikilvægi landbúnaðar á Íslandi eftir efnahagshrunið haustið 2008, og telur að allra leiða verði að leita til að efla íslenska framleiðslu og spara þar með dýrmætan gjaldeyri. Meiri hlutinn leggur áherslu á að garðyrkjubændum verði áfram tryggð lágt raforkuverð, og hvetur til frekari ný-

sköpunar í matvælaframleiðslu landsmanna, um leið og hugað er að rekstrarskilyrðum hefðbundins landbúnaðar. Á sama hátt vekur meiri hlutinn máls á því að víða um land er góð reynsla af samstarfi og samræmingu vaxtarsamninga og menningarsamninga. Slík samlegð varðandi mannhald, stefnumótun og fleira er skynsamleg og líkleg til að skila meiri árangri en með aðgreiningu þessara verkefna.

### **Menning og listir.**

Menning og listir hafa á síðustu árum orðið einn eftirtektarverðasti vaxtarbroddurinn í samfélagi byggðanna hringinn í kringum landið. Aukið vægi þessara greina í félags- og atvinnulífi hefur allt í senn aukið lífsgæði í byggðunum, sjálfsvitund og sjálfstraust íbúa og laðað að æ fleiri ferðamenn, sem víða hefur getið af sér fjölbreyttari atvinnutækifæri en áður voru til staðar. Nú eru í gildi menningarsamningar við alla landshluta þar sem mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti leggja fjármuni til verkefna á móti sveitarfélögum og framkvæmdaráðilum. Tilgangur menningarsamninga er að efla menningarstarf á viðkomandi landsvæði og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg, ásamt því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif heimamanna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála. Samstarf þetta hefur skilað miklum ávinningi víða um land til samræmis við stefnumótun í fyrri byggðaáætlun. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu í umsögnum að mikilvægt sé að gera menningu og skapandi greinum hærra undir höfði í áætluninni.

### **Opinber starfsemi.**

Aukning á opinberri starfsemi er einn þeirra þátta sem hefur mikla þýðingu yfir byggðaþróun. Óhætt er að fullyrða að störf á vegum hins opinbera hefur mikla þýðingu fyrir vinnu- markaðinn á landsbyggðinni, m.a. vegna þess að þau eru ekki eins háð ytri sveiflum og önnur störf. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi áréttta mikilvægi þess að þegar ný störf verða til hjá hinu opinbera sé nauðsynlegt að þau verði jafnt til úti á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þessu tengt vill meiri hlutinn benda að rannsóknir hafa sýnt að launamunur kynjanna er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, sbr. rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um kynbundinn launamun á íslenskum vinnumarkaði. Nefndin vill áréttta að mikilvægt er að leita leiða til þess að útrýma svæðisbundnum launamun kynjanna.

### **Byggðaáætlunir nágrannalanda.**

Meiri hlutinn vill að lokum vekja athygli á byggðaáætlunum nágrannalanda og telur að þangað megi leita að stefnu og hugmyndum, sem dæmi hika Norðmenn ekki við að jafna lífskjör þegna sinna með aðgerðum í gegnum skattakerfið. Í Svíþjóð er niðurgreiddur flutningskostnaður og þar er líka veittur afsláttur af raforkuverði og launatengd gjöld eru lægri á vissum svæðum. Ekki fer á milli mála að sænska byggðastefnan tekur mjög mið af því að landið er aðili í Evrópusambandinu. Við inngöngu Svía í Evrópusambandið var tekið tillit til norðlægrar legu landsins hvað varðar landbúnað og byggðamál. Þar er einnig tekið tillit til hinna sérstöku skilyrða sem einkenna strjálbýl svæði í Norður-Svíþjóð sem og mikilvægis borga fyrir samkeppnishæfni svæða og landsins alls. Sérstök áætlun nær til dreifbýlis þar sem tekið er á efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri þróun. Strjálbýlu svæðin í Norður-Svíþjóð eru sérstök stuðningssvæði í byggðalegu tilliti. Meiri hlutinn leggur til að þeir þættir sem hér hafa verið nefndir úr byggðastefnu nágrannalanda okkar verði teknir til athugunar hjá stjórnvöldum við frekari útfærslu á komandi byggðaáætlunum og sóknaráætlunum landsins. Betur má ef duga skal, í byggðamálum okkar Íslendinga.

**Breytingar.**

Meiri hlutinn leggur til þær breytingar á þingsályktunartillögunni að forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaáætlunar sem og stöðu byggðamála í landinu. Meiri hlutinn leggur að það verði gert í upphafi ársins 2012, en þá er hálfnað það tímabil sem byggðaáætlun á að taka til. Meiri hlutinn telur að með þessu sé gefið gott tækifæri til að ræða þróun byggðamála í landinu á Alþingi.

Enn fremur gerir meiri hlutinn tillögu um að bæta kafla við meginmarkmið áætlunarinnar, um jöfnun lífsskilyrða fyrir alla landsmenn án tillits til búsetu þeirra. Meiri hlutinn leggur til að fyrstu aðgerðir sem gripið verði til sé að leitast við að jafna húshitunarkostnað landsmanna og taka upp flutningsjöfnuð á vörum fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni. Meiri hlutinn sækir þessa hugmynd sína í byggðaáætlun Norðmanna en þeir hafa fengið heimild frá eftirlitsstofnun EFTA til að endurgreiða hluta flutningskostnaðar til og frá ýmsum byggðalögum í Norður- og Vestur-Noregi. Meiri hlutinn hvetur iðnaðarráðherra til þess að útfæra nánari reglur þessu að lútandi.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt með eftirfarandi**

## BREYTINGUM:

## 1. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Forsætisráðherra, f.h. ríkisstjórnar sinnar, flytji Alþingi munnlega skýrslu um framgang byggðaáætlunar, sem jafnframt verði rædd á Alþingi, í upphafi ársins 2012.

## 2. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:

a. Í stað orðsins „átta“ í 1. máls. komi: níu.

b. Við bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: *Jöfnun lífsskilyrða*: Lögð verði sérstök áhersla á að lífskjör séu þau sömu um allt land, sem og áhersla á valfrelsi til búsetuskilyrða. Sem fyrstu aðgerðir til að stuðla að þessu verði lögð sérstök áhersla á jöfnun húshitunarkostnaðar og flutningsjöfnun á vörum bæði fyrir almenning og fyrirtæki á landsbyggðinni.

Alþingi, 31. mars 2011.

Kristján L. Möller,  
form., frsm.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.

Jón Gunnarsson,  
með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Práinn Bertelsson.

Tryggvi Þór Herbertsson,  
með fyrirvara.

Magnús Orri Schram.

Gunnar Bragi Sveinsson,  
með fyrirvara.